

Þingeyjarsveit
Kjarna
650 LAUGAR

Garðabær, 29. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0043
BK

Efni: Hótel Laxá - Breyting á deiliskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Þingeyjarsveit sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 18. mars 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hótel Laxá.

Markmið með breytingunni er að veita svigrúm til að stækka rekstur Hótel Laxár. Hámarks fjöldi gistirúma eykst úr 160 í 188. Ný hótelherbergi verða annars vegar byggð sem hæð ofan á álmu sem er nú ein hæð og hins vegar með lengingu annarrar álmu sem nemur um 200 m². Grunnflötur hótelsins breytist lítið og heildarbyggingarmagn verður langt innan heimildar gildandi deiliskipulags.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Skipulagssvæðið er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en þar sem hér er um að ræða minniháttar breytingu á rýru landi, þá gerir stofnunin ekki aðrar athugasemdir en að hvetja til þess að tekið sé tillit til verndarsvæðisins í hvívetna og þess m.a. gætt að fjölgun gesta fylgi ekki aukin truflun fyrir fuglalíf á nærliggjandi svæðum yfir varptímamann.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

